

3. bekkur sjónlistir

Kennarar: Helga B. Helgadóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Myndmennt er skapandi námsferli þar sem nemandi þróar leikni sína í ólíkum nálgunum t.d. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum.

Markmið

Markmið með kennslu í sjónlistum hjá 3. bekk er meðal annars að nemendur geti örvað fínhyrningar og sköpunargleði sína ásamt því að þau geti yfirfært umhverfið sitt í mynd. Einnig að þau læri góða umgengni og vinnubrögð, þekki frumlitina og þekki blöndunarmöguleika frumlitanna. Einnig eiga þau að þekkja grunnformin þrjú, hing, ferhyrning og þríhyrning.

Námsefni

Efni og áhöld sem tengjast greininni.

Kennsluaðferðir

Verkefni frá kennara, einstaklingsvinna, umræður og fl.

Námsmat

Metin er frammistaða og vinnusemi, símat.

Sjónlistir fyrir 1.- 4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Sjónlistir fyrir 1.- 4. bekk - Sjónlistir

- Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Fjallað um eigin verk og annarra.
- Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.
- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.
- Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.